



## Fundarboð

### **Gunnlaugur A. Jónsson**

prófessor og forseti guðfræðideildar Háskóla Íslands  
heldur fyrirlestur á vegum Vísindafélags Íslendinga í Norræna húsinu  
**fimmtudaginn 26. febrúar 2004, kl. 20:00**

## **90. sálmur Saltarans og íslenski þjóðsöngurinn**

Í erindi þessu verður sett fram túlkun á 90. sálmi Saltarans (Davíðssálmi) og síðan fjallað um tildrög þess að Matthías Jochumsson orti lofsöng þann út af þessum sálmi sem síðar varð þjóðsöngur okkar Íslendinga. Verða sálmarnir bornir saman, þá verður fjallað um gagnrýni sem fram hefur komið á þjóðsönginn og rætt hvaða gildi það hefur fyrir rannsókn á Davíðssálmum að kanna síðari tíma notkun þeirra og túlkun. Er því haldið fram að það sé mikilvægt fyrir ritskýringu Ritningarinnar að huga að áhrifasögu textanna eða því sem kalla mætti "framhaldslífi" þeirra, en þessi þáttur hefur löngum verið mjög vanræktur innan ritskýringarinnar. Hér er því haldið fram að ritskýring 90. sálms Saltarans sé ófullnægjandi í íslensku samhengi sé því sleppt að fjalla um þjóðsönginn sem ortur var út af honum. Fleiri dæmi af síðari tíma notkun og eða/túlkun 90. sálms verða sýnd.

Gunnlaugur A. Jónsson er doktor í gamlatestamentisfræðum frá Lundarháskóla (1988) og hefur verið prófessor í guðfræði og ritskýringu Gamla testamentisins við guðfræðideild Háskóla Íslands síðan 1995. Hann er núverandi forseti guðfræðideildar.

Í upphafi fundar mun formaður valnefndar kynna tillögur nefndarinnar um nýja félagsmenn.

*Fundurinn er öllum opinn. Félagsmenn eru hvattir til að fjölmenna og taka með sér gesti. Kaffistofa Norræna hússins verður opin að fundi loknum. Gjörið svo vel að hengja þessa auglýsingu upp á vinnustað þar sem við á.*

Stjórnin